

Fundargerð fræðslunefndar sveitarfélagsins Skagastrandar fimmtudaginn 15. júní 2017, kl. 16.00 í Fellsborg.

Dagskrá:

1. Fundargerð 13.12.2016
2. Samantekt úr ársreikningi
3. Grunnskólinn
 - a. Skýrsla skólustjóra
 - b. Skóladagatal
 - c. Sjálfmatsskýrsla
 - d. Starfsáætlun 2016-2017
 - e. Fundargerð skólaráðs 29. apr. 2017
 - f. Breytingar á húsnæði skólans
 - g. Vegvísir
4. Leikskóli
 - a. Skýrsla leikskólustjóra
 - b. Skóladagatal
 - c. Starfsáætlun leikskóla
 - d. Foreldrakönnun
 - e. Fundargerð foreldraráðs 18. október 2016
 - f. Fundargerð foreldraráðs 22. Febrúar 2017
5. Önnur mál

Mætt: Péturína L. Jakobsdóttir, Hafdís Ásgeirsdóttir, Guðmundur Erlendsson, Vigdís Ósk Ómarsdóttir, Vera Ósk Valgarðsdóttir, Guðjón Sigurðsson, Sonja Dröfn Helgadóttir, Jóhanna Sigurjónsdóttir, María Ösp Ómarsdóttir, Sesselja Guðmundsdóttir, Vigdís Elva Þorgeirsdóttir, Björn Þormóður Björnsson, Þórdís Hauksdóttir, og Magnús B. Jónsson

Fundur settur 16:00

- Fundargerð síðasta fundar var lögð fram til áritunar.

Samantekt úr ársreikningi 2016

- Sveitarstjóri fór yfir atriði sem vörðuðu viðföng Fræðslunefndar úr ársreikningi 2016.

Grunnskóli

- Vera Ósk fór yfir skýrslu skólustjóra.
- Skóladagatal var rætt og breytingar á dagsetningum á föstum viðburðum, m.a. árshátíð nemenda. Skóladagatal lagt fram til kynningar og samþykkt samhljóða.

- Skólastjóri fór yfir helstu niðurstöður sjálfsmatsskýrslu Höfðaskóla. Skýrslan var til kynningar.
- Fundargerð skólaráðs frá 29. apríl 2017, lögð fram til kynningar og rædd.
- Áætlanir um breytingar á húsnæði skólans voru kynntar og ræddar.
- Fræðslustjóri gerði grein fyrir umbótaáætlun sem gerð var skv. kjarasamningi Sambands íslenskar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara sem samþykktur var 29. nóvember 2016. Markmiðið með bókun 1 var að bæta framkvæmd skólastarfs og ná sátt við kennara um starfsumhverfið. Málið var til kynningar.

Leikskóli

- María Ösp kynnti skýrslu leikskólastjóra, skóladagatal, starfsáætlun leikskóla og foreldrakönnun.
- Skóladagatal lagt fram til samþykktar og samþykkt samhljóða.
- Lagðar voru fram fundargerðir foreldraráðs frá 18. október 2016 og 22. febrúar 2017 til kynningar.

Önnur mál

- Rædd voru húsnæðismál leikskólans.

Fleira ekki gert, fundi slitið, 18:10